

Ályktun fjölmeningarráðs Reykjavíkurborgar

Fjölmeningarráð Reykjavíkurborgar hvetur Háskóla Íslands til að taka upp íslenskunám fyrir einstaklinga með annað móðurmál en íslensku í kvöldnámi.

Samkvæmt rannsóknarverkefninu *Samfélag fjölbreytileikans. Samskipti heimamanna og innflytjenda á Íslandi* frá 2020 sem framkvæmt var af Háskóla Akureyrar var stór meirihluti innflytjenda ekki ánægður með þau íslenskunámskeið sem eru í boði og er það ákveðið áhyggjuefni og gefur tilefni til fjölbreyttara framboðs íslenskunámskeiða fyrir innflytjendur á Íslandi.

Staðnám á dagvinnutíma gerir það erfiðara fyrir fólk með annað móðurmál en íslensku, sem tekur þátt á vinnumarkaði á dagvinnutíma, að sækja íslenskunám á háskólastigi. Öflugt íslenskunám er forsenda þess að fólk eigi jafnari aðgang að íslenskum vinnumarkaði, samfélagi og starfsþróun. Um 20% íbúa Reykjavíkur eru af erlendum uppruna og yfir 70% allra innflytjenda á Íslandi búa á höfuðborgarsvæðinu. Hópurinn samanstendur af fjölbreyttum mannauð sem lifir við ólíkar aðstæður, sem gerir þeim misjafnlega kleift að sækja íslenskumenntun á dagvinnutíma þrátt fyrir að hafa vilja til að læra íslensku.

Ályktun þessi er send á Rektor Háskóla Íslands.

Fjölmeningarráð Reykjavíkurborgar